

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bann við bifreiðastöðum á eftirtöldum götum:

Furumel. Stíg á Hlemmtorgi, er liggur meðfram austurhlið hússins nr. 105 við Laugaveg. Hverfisgötu austan Snorrabrautar og tekinn þar upp akstur á tveimur akreinum. Grundarstíg norðan megin götunnar.

Kirkjutorgi norðanverðu meðfram Dómkirkjunni. Rauðarárstíg austan megin götunnar frá Laugavegi að Miklubraut. Barónsstíg vestan megin milli Skúlagötu og Hverfisgötu. Bergstaðastræti frá Skólavörðustíg að Hallveigarstíg báðum megin götunnar og frá Hallveigarstíg að Spítalastíg vestan megin götunnar.

Frikirkjuvegi vestan megin götunnar. Klapparstíg austan megin götunnar. Snorrabraut við eyjarnar á miðri götunni, milli Hverfisgötu og Flókagötu. Vatnsstíg vestan megin götunnar. Vonarstræti milli Lækjargötu og Templarasunds. Ægisgötu við Slippinn. Garðastræti vestan megin götunnar frá Vesturgötu að Túngötu.

Ingólfsstræti milli Lindargötu og Skúlagötu austan megin götunnar. Hringbraut austan Bræðraborgarstígs og Rauðarárstíg austan megin götunnar milli Hverfisgötu og Skúlagötu eru bannaðar stöður vörubifreiða, sem eru yfir 1 smálest að burðarmagni, og fólksbifreiða, 10 farþega og þar yfir.

Hofsvallagötu frá Sólvallagötu að Hringbraut beggja vegna götunnar. Túngötu sunnan megin götunnar frá Ægisgötu að Hofsvallagötu. Grófinni beggja vegna götunnar frá Vesturgötu að Tryggvagötu og austan megin götunnar frá Tryggvagötu að Geirsgötu.

Reykjanesbraut frá Miklartorgi að Laufásvegi. Gildir fyrir allar bifreiðar, nema strætisvagna.

2. Einstefnuakstur á eftirtöldum götum:

Aðalstræti milli Austurstrætis og Hafnarstrætis frá suðri til norðurs. Frakka- stíg milli Njálsgötu og Hverfisgötu frá suðri til norðurs.

Vitastíg milli Njálsgötu og Hverfisgötu frá norðri til suðurs. Amtmannsstíg frá Ingólfsstræti að Þingholtsstræti.

3. Að Kalkofnsvegur og eystri hluti Geirsgötu, sem tengir saman Kalkofnsveg og Skúlagötu, skuli verða aðalbrautir.

4. Felld niður ákvörðun um einstefnuakstur á Háaleitisvegi.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. nóvember 1961.

Sigurjón Sigurðsson.